Fundargerð

MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

43. fundur.

að Hlíðavegi 6, 16.9. 2004, kl. 13:30.

	DAGSKRÁ:
1.	**Fundarsetning.**
2.	**Fundargerð veitnanefndar frá 13. sept.**
3.	**Skipun Slægjunefndar.**
4.	**Bréf Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga.**
5.	**Birgir Guðmundsson, umdæmisstj. Vegagerðarinnar mætir á fundinn.**
6.	**Umsókn um viðbótarlán vegna húsnæðiskaupa.**
7.	**Erindi Landsvirkjunar dags. 15. sept. þar sem óskað er leyfis til rannsóknarborana á vestursvæði Kröflu.**
8.	**Erindi séra Þóris Stephensen, þar sem myndavélasafn séra Arnar Friðrikssonar er boðið til kaups.**
9.	**Kosning fulltrúa í atvinnumálanefnd .**

Mættir: Guðrún María Valgeirsdóttir, Jón Óskar Ferdinandsson, Kristján Stefánsson, Birkir Fanndal Haraldsson, Böðvar Pétusson.

1. **Fundarsetning.**
   Oddviti setti fund og lagði til að málum 6, 7 og 8. yrði bætt á dagskrá. Samþykkt samhljóða.

2. **Fundargerð veitnanefndar frá 13. sept.**
   Afgreiðslu frestað til næsta fundar og óskað eftir frekari upplýsingum um málið.

3. **Skipun Slægjunefndar.**
   Komið er að íbúum á svæðinu frá Laxá að Eldá að standa fyrir slægjufundi. Samþykkt að skipa Steinunni Ósk Stefánsdóttur formann slægjunefndar að þessu sinni.

4. **Bréf Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga.**
   Frestað til næsta fundar þar sem ekki hefur unnist tími til að fara yfir bréfið með endurskoðanda hreppsins.

5. **Birgir Guðmundsson, umdæmisstj. Vegagerðarinnar mætir á fundinn.**
   Rætt var um ýmislegt sem vegamál snertir í Mývatnssveit og nánasta umhverfi. Samþykkt að huga nánar að vegamálum á næsta fundi sveitarstjórnar.

6. **Umsókn um viðbótarlán vegna húsnæðiskaupa.**
   Borist hefur umsókn um viðbótarlán til húsnæðiskaupa frá Hermanni Kristjánssyni. Umsækjandi uppfyllir þau skilyrði sem sett eru til að fá viðbótarlán. Sveitarstjórn samþykkir lánveitinguna og felur sveitarstjóra að ganga frá málinu við Íbúðarlánasjóð.

7. **Erindi Landsvirkjunar dags. 15. sept. þar sem óskað er framkvæmdaleyfis til rannsóknarborana á vestursvæði Kröflu.**
   Sveitarstjórn samþykkir að veita umbeðið leyfi.

8. **Erindi, séra Þóris Stephensen , þar sem myndavélasafn séra Arnar Friðrikssonar er boðið til kaups.**
   Afgreiðslu frestað, þar sem afla þarf frekari upplýsinga.

9. **Kosning fulltrúa í atvinnumálanefnd.**
   Þar sem Jóhanna Kristjánsdóttir, aðalfulltrúi í atvinnumálanefnd, hefur flust á brott úr sveitarfélaginu er Böðvar Pétursson, kosinn aðalfulltrúi í hennar stað.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Guðrún María Valgeirsdóttir,
Jón Óskar Ferdinandsson,
Kristján Stefánsson,
Birkir Fanndal Haraldsson,
Böðvar Pétusson.